

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Árnesi  
801 Selfoss

30.10.2023  
2023-10-40/0.11.0

Efni: Áskorun sveitastjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Stjórn Landsnets hefur borist áskorun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þess efnis að félagið hefji stefnumótun til framtíðar sem miðaði að því að færa höfuðstöðvar fyrirtækisins í nærumhverfi orkuvinnslunnar.

Vöxtur hefur verið í starfsemi Landsnets og hefur starfsfólk fylgdað talsvert á undanförum árum. Fyrirtækið hefur jafnframt sett þá stefnu að horft sé til þess að auglýsa störf óháð staðsetningu. Undanfarin ár hafa starfsstöðvar Landsnets á landsbyggðinni, á Akureyri og Egilsstöðum eflst til muna og þar er starfsfólk í viðgerða- og viðhaldsflokkum staðsett til að hægt sé að bregðast við truflunum á sem skemmtum tíma. Norðurlandi er þjónustað frá Akureyri og Austurlandi frá Egilsstöðum og Vestur- og Suðurlandi frá Reykjavík. Vel kemur til greina að fylgja starfsstöðvum utan höfuðborgarssvæðisins í framtíðinni.

Landsnet er mjög útvistað fyrirtæki, sem þýðir að stór hluti verk- og þjónustustarfa eru aðkeypt. Fyrirtækið hefur lagt áherslu á að beina slíkum kaupum eins og mögulegt er að fyrirtækjum í nágrenni framkvæmda til að nærsamfélög njóti góðs af viðamiklum innviðaframkvæmdum fyrirtækisins.

Hlutverk Landsnets felst ekki eingöngu í flutningi á rafmagni eftir flutningslínunum, heldur einnig að stýra raforkukerfi landsins alla daga ársins og rekur stjórnstöð í því skyni. Stjórnstöðin þarf að vera staðsett nálægt öflugum innviðum raforku og fjarskipta, en jafnframt þarf mannaud til að sinna þessu mikilvæga hlutverki, mannaud sem bæði hefur gott aðgengi að stjórnstöðinni og/eða getur komist þangað með skómmum fyrirvara.

Landsnet er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki og leggur mikið upp úr því að geta þjónustað bæði núverandi viðskiptavini og nýja. Stærsti hluti viðskiptavina Landsnets er með höfuðstöðvar í Reykjavík og margir af nýjum viðskiptavinum hafa aðstöðu þar einnig. Aðrir mikilvægir hagaðilar, eins og verkfræðistofur, eftirlitsaðilar og stjórnsýsla eru einnig staðsett í Reykjavík.

Stjórn Landsnets fagnar umræðunni. Það er hins vegar mat okkar að með núverandi uppsetningu á starfsstöðvum standi félagið vel undir samfélagslega mikilvægu hlutverki sínu.

Flutningur höfuðstöðva frá Reykjavík gæti haft neikvæð áhrif á starfsemi fyrirtækisins og orkuöryggi, ásamt því að skerða þjónustu við núverandi og væntanlega viðskiptavini

Virðingarfyllst

Sigrún Björk Jakobsdóttir  
stjórnarformaður Landsnets